


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	<b>ÍSL 202</b>	
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Pórdís H. Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	PHJ
----------------	----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls, s.s. stafsetningu, orðflokkgreiningu og greinarmerkjasetningu. Auk þess eru rifjuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um upptöku og frágang heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsóknir og rökfærsluritgerðir, en auk þess verður lögð áhersla á munnleg skil verkefna og reglur um framsetningu máls og munnlegan flutning rifjaðar upp í því sambandi.

### Markmið:

Að nemandi

- kunni og geti beitt helstu stafsetningarreglum
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu í ræðu og riti
- kunni og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta
- kunni og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls
- kunni og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda
- geti tjáð sig í ræðu og riti

### Námsgögn:

*Íslenska 202*. Hefti, selt á skrifstofu VMA.

*Kjörbókalisti: Myndin í speglinum eftir Ragnheiði Gestsdóttur*

*Hrafninn eftir Vilborgu Davíðsdóttur*

*Skugga – Baldur eftir Sjón*

*Tími nornarinnar eftir Árna Þórarinsson*

*Úlfshjarta eftir Stefán Mána*


### Áætlun um yfirferð:

#### 1. lota (4 vikur) 22. ágúst – 20. sept.

Kynning á áfanga og námsefni. Nemendur velja bók af kjörbókalista og hefja lestur hennar. Lotan hefst síðan á stuttri upprifjun á helstu málfræði – og stafsetningarreglum og reglum um greinarmerki. Nemendur vinna ýmsar æfingar sem tengjast þessum atriðum sem og tímaverkefni sem gildir 20% af lokaeinkunn.

Í seinni hluta lotunnar verður farið í umræður og verkefni í tengslum við kjörbækurnar og nemendur skila bókmenntaskýrslu sem gildir 15% af lokaeinkunn.

**Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 35% af lokaeinkunn.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>ÍSL 202</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2013</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

## 2. lota (4 vikur) 23. sept.- 18. okt.

Rifjaðar upp helstu reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna uppkast að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbyggingu (5% af lokaeinkunn), og fullvinna síðan ritgerðina samkvæmt reglum þar um (20% af lokaeinkunn). Lotunni lýkur með því að nemendur kynna efni og niðurstöður ritgerða sinna munnlega (5% af lokaeinkunn).

**Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 30% af lokaeinkunn.**

## 3. lota (4 vikur) 21. okt. - 15. nóv.

Farið yfir smíði og frágang heimildaritgerða og reglur þar að lútandi. Fjallað um upptöku og frágang heimilda (tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá) og unnin ýmis æfingaverkefni. **Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 25% af lokaeinkunn.**

## 4. lota (2 vikur) 18. nóv. - 3. des.

Kynning á ýmsum störfum og unnin skrifleg verkefni, s.s atvinnuumsókn og ferilskrá. **Einkunn fyrir lotuna er 10% af lokaeinkunn.**

**Verkefni, námsmat og vægi námsþátta:**

**Áfanginn er próflaus í annarlök en námsmat og lokaeinkunn byggjast á eftirfarandi verkþáttum annarinnar:**

1. lota: Verkefni í málfræði, stafs, og greinarm.	20%
Bókmenntaskýrsla	15%
2. lota: Rökfærsluritgerð	25%
Kynning á efni ritgerðar	5%
3. lota: Heimildaverkefni	25%
4. lota: Skrifleg verkefni	10%

**Brýnt er að nemendur mæti vel og sinni skilvíslega verkefnavinnu sem að mestu fer fram í tímum.**

**Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um sem fylgja kennsluáætluninni.**

**Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur vinnuskil skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila.**

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.**

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils